

# Ársskýrsla SOS Barnaporpanna 2020



**SOS  
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Frá framkvæmdastjóra .....	4
Fjölgun SOS-foreldra eftir umfjöllun á Stöð 2 .....	5
SOS-foreldrar .....	7
Barnaþorpsvinir .....	8
Fjölskylduvinir .....	9
Framlög barna .....	13
Góðgerðarbolur Rúriks .....	14
Próunar-, mannúðar- og neyðarverkefni .....	15
Sólblómaleiksskólar .....	17
Öðruvísi jóladagatal .....	18
Fjármál .....	19
SOS fólkið á Íslandi 2020 .....	22

© SOS Barnaþorpin  
Hamraborg 1, 200 Kópavogi  
Sími: 564-2910  
Netfang: [sos@sos.is](mailto:sos@sos.is)

Umsjón og ritstjórn: Hans Steinar Bjarnason  
Tölulegar upplýsingar: Raket Lind Hauksdóttir  
Ljósmyndir: SOS Children's Villages og SOS Barnaþorpin á Íslandi  
Prófarkarlestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson  
Umbrot og hönnun: [iSpeculate.net](http://iSpeculate.net) - Halldór Elías Guðmundsson



## Inngangur

**S**OS Barnaporpin eru fyrst og fremst barnahjálpar sem veitir munaðarlausum og yfirgefnum börnum staðgengil fyrir þá fjölskyldu sem þau hafa misst. SOS Children's Villages eru stærstu óháðu hjálparsamtök heims sem einblína á börn án foreldraumsjár og jafnframt á ósjálfbjarga barnafjölskyldur. Samtökin voru stofnuð í Austurríki í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1949 af Hermanni Gmeiner. Starfsemin á Íslandi hófst árið 1989 og felur eingöngu í sér fjáröflun og þjónustu við styrktaraðila hér á landi. Frá stofnun SOS er áætlað að starf samtakanna hafi með beinum og óbeinum hætti haft jákvæð áhrif á líf 13 milljóna manna. SOS hefur með beinum hætti hjálpað fjórum milljónum barna frá upphafi og haft þannig einnig jákvæð áhrif á líf 9 milljóna afkomenda þeirra. Með því að stöðva hringrás aðskilnaðar hafa þessi börn alið af sér aðra kynslóð barna sem nýtur góðs af starfi samtakanna.

## Umfang starfseminnar

SOS Barnaporpin starfa í 137 löndum, óháð stjórnámum og trúarbrögðum. Hjálpin nær til yfir einnar milljónar barna, ungmenna og fullorðinna í gegnum meira en tvö þúsund verkefni. Aðaláhersla samtakanna er á að börn þrífist best í fjölskylduumhverfi við ást og umhyggju foreldra eða umsjónarfólks, ásamt systkinum sínum á stað sem þau geta kallað heimili. Samtökin hafa beina umsjá með 65.600 börnum og ungmönnum allan sólarhringinn og reka alls 568 barnaporp og sambærileg umönnunarúrræði. SOS Barnaporpin reka einnig fjölda leikskóla, grunnskóla, verknámsskóla, ungmennaheimila og heilsugæslustöðva auk þess að sinna neyðar- og mannúðaraðstoð.



## Frá framkvæmdastjóra

Árið var 2020. Þegar allt varð öðruvísi. Heimsfaraldur breytti heiminum og hegðun okkar allra.

Starfsemi SOS Barnaþorpanna á Íslandi breyttist kannski ekki svo mikið á árinu, en fjáröflun breyttist þó. Margir styrktaraðilar okkar misstu vinnuna og tekjur þeirra drógust saman. Sumir þurftu af þeim sökum að draga út stuðningnum við SOS Barnaþorpin, eða hætta honum.



**Ragnar Schram,**  
framkvæmdastjóri SOS  
Barnaþorpanna á Íslandi.

Þrátt fyrir þetta fjölgaði styrktarforeldrum og barnaþorpsvinum um rúm 2% og heildartekjur samtakanna jukust um 1%.

Helstu tíðindin eru líklega þau að mun fleiri Íslendingar gáfu til SOS Barnaþorpanna á árinu en nokkru sinnu áður, eða 30.915 einstaklingar (þeir voru um 25 þúsund árið áður). Það sem helst skýrir að aukning tekna hafi ekki verið meiri en raun ber vitni er sú staðreynd að flestir nýir styrktaraðilar hafa valið að fara varlega í sakirnar og gefa stök framlög frekar en föst mánaðarleg framlög. Kannski sýnir þetta okkur að hegðun Íslendinga þegar kemur að

framlögum til góðgerðarmála sé að breytast og að þeir vilji frekar gefa stöku sinnum og óreglulega heldur en skuldbinda sig til mánaðarlegra framlaga.

Heildarframlög á árinu námu 674 milljónum króna, eða um 1,8 milljón á dag. Af þessari fjárhæð sendum við 81% úr landi til þeirra barna, þorpa og verkefna sem styrktaraðilar og stjórn samtakanna hafa ákveðið að styðja. 19% fóru í að halda úti starfsemi okkar hér á landi, þ.e.a.s. að þjónusta styrktaraðila og afla fjár.

Hér í þessari ársskýrslu gefur að líta nokkrar tölur úr ársreikningi samtakanna, en ársreikningurinn í heild sinni er birtur á vefsíðu okkar sos.is.

Óskir þú enn frekari upplýsinga en fram koma í ársskýrslu og ársreikningum er þér alltaf velkomið að hafa samband við okkur á skrifstofu samtakanna í síma 564 2910 eða í netfangið sos@sos.is. Með hjartans þökk fyrir stuðninginn við börnin.

Ragnar Schram

Framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi



## Fjölgun SOS-foreldra eftir umfjöllun á Stöð 2



**F**jöldi styrktarbarna íslenskra SOS-foreldra jókst um 210 á árinu og megum við vel við una, sérstaklega í ljósi þess að styrktaraðilum SOS fækkaði hjá mörgum aðildarlöndum enda hefur heimsfaraldurinn haft sín áhrif. Þetta má einna helst þakka sjónvarpsumfjöllun í þættinum Ísland í dag á Stöð 2 í maí. Inga Lind Karlsdóttir fór ásamt fjölskyldu sinni til Indlands í janúar að hitta fyrrverandi og núverandi styrktarbörn sín í SOS barnaþorpi á Indlandi. Inga Lind veitti SOS leyfi til að kvikmynda ferðalagið og með í för voru Einar Árnason, kvikmyndatökumaður frá Stöð 2, og Hans Steinar Bjarnason, upplýsingafulltrúi SOS. Innslag um ferðalagið var sýnt í þættinum Ísland í dag og strax eftir sýningu þáttarins fór nýskráningum SOS-foreldra að fjölga mjög ört. Fram að þættinum var meðaltal nýskráninga þrjár til fjórir SOS-foreldrar á viku en á næstu tveimur vikum eftir sýningu þáttarins bættust 179 nýir SOS-foreldrar í hópinn. Alls hefur þátturinn fengið tæplega 40 þúsund áhorf á svæði þáttarins á Vísi.

### Inga Lind hitti SOS-börnin sín í fyrsta sinn

**„Erfiðast að sjá hana gráta þegar ég fór.“**

Þegar Inga Lind var 18 ára gerðist hún SOS-foreldri 5 ára stúlku í barnaþorpinu í Greenfields í útjaðri

höfuðborgarinnar Nýju Delí á Indlandi. Litla stúlkan, Sonia, hafði misst móður sína og faðir hennar gat ekki hugsað um hana vegna þess að hann var blindur.

Inga Lind fylgdist með uppvexti hennar næstu 14 árin í gegnum bréf og myndir sem styrktarforeldrar fá send tvisvar á ári. Og stundum skrifaði Sonia bréf til Ingu. Sonia flutti svo úr barnaþorpinu 19 ára og fór að standa á eigin fótum. Í dag er hún þrítug og á 9 ára gamla dóttur, Tönju, en eiginmaður hennar lést fyrir þremur árum. Sonia býr hjá blóðskyldri systur sinni og fjölskyldu hennar í Delí og vinnur í tískuverslun.

### Allt í einu komin í fangið á mér

Inga Lind lét loksins verða af því í janúar að heimsækja styrktarbörnin sín, fyrrverandi og núverandi, til Indlands og hélt utan ásamt hluta af fjölskyldu sinni. Sonia kemur reglulega í barnaþorpið til að heimsækja SOS móður sína og gerði sér sérstaka ferð þangað til að hitta SOS-foreldri sitt, Ingu Lind, sem var komin alla leið frá Íslandi. „Það var dásamlegt að hitta Soniu. Hún var bara allt í einu komin í fangið á mér þegar ég gekk að húsinu sem hún bjó í. Hún er svo hlý og góð og svo tók hún í hönd mína, leiddi mig um húsið og sýndi mér gamla herbergjið sitt.“



## Minningarnar lifnuðu við

Inga Lind tók með sér myndir og bréf sem Sonia skrifaði henni þegar hún var barn og skoðaði þau með henni. „Sonia sagði að það hefðu kviknað margar minningar þegar hún sá bréfin og þá mundi hún allt í einu eftir öllu.“ Inga Lind segir að það sé gott að sjá hvað Sonia hefur það gott í dag. „Henni líður bara vel og það er greinilegt að hún hefur búið við gott atlæti hérna og fengið góðan grunn.“



## Erfiðast að sjá hana gráta þegar ég fór

Inga Lind og Sonia náðu strax miklum tilfinningalegum tengslum í heimsókninni. „Já alveg, það voru vissulega tengsl fyrir. Við vorum aðeins í sambandi þau ár sem hún bjó hérna. Hún var líka svo hlý og opin. Mér fannst eiginlega erfiðast að sjá hana gráta þegar ég fór. Maður fær svona hlýju í hjartað þegar maður finnur að maður skipti máli. Við ætlum að halda áfram að vera í sambandi.“

## Styrkti annað barn á eftir Soniu

Inga Lind hefur styrkt tvö börn í barnaþorpinu í Greenfields samfelt frá árinu 1994. Þegar Sonia flutti að heiman og fór að standa á eigin fótum árið 2008 tók Inga Lind að sér að styrkja fimm ára dreng í þorpinu. Hún hefur einnig fylgst með uppvexti hans nú í 12 ár.



Hann heitir Pushkar og er orðinn 17 ára og það voru líka fagnaðarfundir þegar þau loks hittust í þessari sömu heimsókn.

„Það var æðislegt að hitta Pushkar. Hann er einu ári yngri en sonur minn. Flottur og fallegur drengur sem elskar íþróttir og mun örugglega gera þær að atvinnu sinni. Ég veit ekki hvaða íþrótt hann æfir ekki. Hann er greinilega elskaður af SOS mömmu sinni sem sat þarna með okkur.“

## Undirbýr sig fyrir fullorðinsárin

SOS ungmenni á þessum aldri búa á ungmennaheimili á vegum barnaþorpsins þar sem þau læra að hugsa um sig sjálf og undirbúa sig fyrir fullorðinsárin. Það á einnig við um Pushkar sem ólst upp á þessu SOS heimili ásamt blóðskyldum systkinum sínum. „Það finnst mér einmitt eitt af því fallega sem hér er passað upp á, að blóðskyld systkini séu aldrei aðskilin heldur fái alltaf að alast upp saman. Hann sagði mér að sér líði vel á ungmennaheimilinu þar sem hann á góða vini.“

## Einstök upplifun að heimsækja barnaþorp

Þetta er í fyrsta sinn sem Inga Lind kemur í SOS barnaþorp en styrktarforeldrar eiga rétt á slíkum heimsóknum einu sinni á ári. Hún segir upplifunina engu líka. „Ég hef ímyndað mér í 26 ár hvernig þetta líti allt út. Ég hef séð myndir úr barnaþorpum en það er allt öðru vísi að koma hingað í alvörunni sjálf. Ég hef alltaf borið þetta traust til SOS Barnaþorpanna einmitt út af fólki sem hefur heimsótt þorpin og fengið tækifæri til að hitta styrktarbörnin sín. Ég hef lesið og séð viðtöl við þetta fólk.“

## SOS mæðurnar eru magnaðar konur

Það er svo góð tilfinning að koma hingað og finna að hér skiptir kærleikinn öllu máli. Ástin á börnunum og velferð þeirra. Það er bara engin spurning að það er alltaf númer eitt hérna. Hérna fá börn að vera börn og það fá allir að gera það sem hentar þeim. Krökkunum líður greinilega vel hérna í faðmi þessarar ástríku SOS-mæðra sem ég get ekki hætt að dást að. Þær hafa valið að gera það að lífsstarfi sínu að ala upp önnur börn. Mamma hans Pushkar er búin að ala upp 28 börn. Magnaðar konur.“



## SOS-foreldrar



**M**ánaðarlegir styrktaraðilar<sup>1</sup> voru 10.434 í árslok og fækkaði þeim um 87 frá fyrra ári. SOS-foreldrar, þ.e. styrktarforeldrar, eru sem fyrr langfjölmennasti hópurinn af þeim sem teljast til mánaðarlegra styrktaraðila. Þeir greiða mánaðarlega upphæð, 3.900 krónur, sem gerir samtökunum kleift að veita umkomulausu barni fjölskyldu á ástrikum heimili í barnaþorpi eða sambærilegu heimili.

Íslenskir SOS-foreldrar voru 8.447 í árslok og styrktu þeir samtals 8.704 börn í barnaþorpum í 107 löndum. Það er fjölgun um 210 styrktarbörn á milli ára. Framlag SOS-foreldra fer í framfærslu og velferð barnsins. SOS-foreldrar geta einnig gefið barninu peningagjafir inn á framtíðarreikning sem barnið fær þegar það yfirgefur þorpið. Algengt er að slíkar gjafir nýtist í áframhaldandi nám, útborgun í íbúð eða kostnað við að koma á laggirnar atvinnurekstri. Heildarupphæð framtíðargjafa frá íslenskum styrktarforeldrum á árinu var rúmar 9 milljónir króna.

Börnin sem eiga styrktarforeldra búa flest í SOS barnaþorpum. Þau fara í skóla og fá öllum grunnþörfum

sínum mætt. Mikil áhersla er lögð á að heimilin séu laus við allan stofnanabrag en hvert heimili er athvarf einnar fjölskyldu, rétt eins og flest mannlæg samfélög vilja hafa hlutina sem heimilislegasta.

Í hverri SOS fjölskyldu eru oftast sex til tíu börn á mismunandi aldri og af báðum kynjum. Öll börnin eiga því nokkur systkini. Höfuð fjölskyldunnar er SOS-móðirin eða faðirinn sem hefur hlotið menntun í að sinna börnum sem mörg hver hafa upplifað miklar hörmungar. SOS-foreldrið sér um að börnin búi við öryggi og ást. Enn sem komið er eru SOS mæður í meirihluta en SOS feðrum er sífellt að fjölga. Börnin sækja skóla í nágrenninu eða skóla sem samtökin hafa reist og eru viðurkenndir af yfirvöldum hvers lands.

### SOS-fjölskyldur utan barnaþorpa

Undanfarin ár hefur fjölbreytni aukist í umönnun barna hjá samtökunum og þeim fjölga SOS-fjölskyldunum sem búa utan barnaþorpanna. Yfirvöld víða um heim eru í auknum mæli að afstofnanavæða umönnun munaðarlausra barna, þ.e. leggja niður ýmisskonar

<sup>1</sup> Mánaðarlegir styrktaraðilar samanstanda af SOS-foreldrum, barnaþorpsvini og fjölskylduvinum.



fósturheimili og jafnvel þó SOS Barnaþorpin séu andstæðan við stofnun fellur skilgreining á starfsemi SOS undir starfsemi stofnana í mörgum löndum víða um heim.

Það hefur alltaf verið einkenni SOS Barnaþorpanna að búa áður umkomulausum börnum persónulega og fjölskylduvæna umönnun. Þær breytingar sem samtökin eru að ganga í gegnum um þessar mundir fela í sér að fjölskyldur flytjast inn í almenn íbúðahverfi en heyra þó

áfram undir starfseiningar SOS Barnaþorpanna sem sjá um rekstur hvernar fjölskyldu.

Tilgangurinn með þessum breytingum er að minnka líkurnar á að börnin fái á sig neikvæðan stimpil og samfélagslega útilokun. Borið hefur á því að SOS börn upplifi einangrun og óánægju af völdum höfnunar á hefðbundnum samfélagslegum tækifærum og við því eru samtökin að bregðast. Sjálf barnaþorpin og sambærilegar starfseiningar voru 568 talsins í lok ársins 2020.

## Barnaþorpsvinir



**S**OS-barnaþorpsvinir styrkja eitt ákveðið barnaþorp úti í heimi með mánaðarlegu framlagi sem nemur 3.400 krónum. Framlag Barnaþorpsvina fer í að greiða ýmsan kostnað við daglegan rekstur þorpsins svo tryggja megí öryggi og velferð þeirra barna sem þar búa.

Rekstur barnaþorps felst m.a. í uppbyggingu, viðhaldi og almennri starfsemi þorpsins. Barnaþorpsvinir voru alls 599 í lok ársins og fækkar þeim um 14 á milli ára. Þeir fá tvisvar á ári senda skýrslu um lífið í barnaþorpinu og helstu viðburði sem þar hafa átt sér stað.





## Fjölskylduvinir



**S**OS Barnaþorpin líta svo á að best sé fyrir börn að alast upp hjá kynforeldrum sínum og systkinum. Því miður eru aðstæður fjölmargra fjölskyldna þó slíkar að foreldrar neyðast til að láta börnin frá sér, tímabundið eða varanlega. Fjölskylduefling SOS er svar SOS Barnaþorpanna við slíkri neyð og eru þessi verkefni fjármögguð annars vegar með stuðningi utanríkisráðuneytisins og hins vegar með framlögum mánaðarlegra styrktaraðila sem nefnast SOS-fjölskylduvinir. Þeir styðja við verkefnið með mánaðarlegu framlagi að eigin vali frá 500 krónum og upp úr.

Markmið fjölskyldueflingar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína með því að efla foreldrana til sjálfstæðis. Skjólstæðingar Fjölskyldueflingar eru illa staddar barnafjölskyldur og er þeim hjálpað að koma undir sig fótunum og mæta grunnþörfum barnanna. SOS Barnaþorpin vinna í nánú samstarfi við samfélög, samstarfsaðila og yfirvöld á hverju svæði fyrir sig í þeim tilgangi að hjálpa ósjálfbjarga barnafjölskyldum og koma í veg fyrir aðskilnað innan þeirra. Þegar nauðsynlegt þykir og talið er vera í hag barnsins er gripið til næstu möguleika sem eru að barnið alist annað hvort upp hjá fósturfjölskyldu eða SOS-fjölskyldu í barnaþorpi.

Í síðustu ársskýrslu kom fram að Fjölskylduvinir væru 1414 í lok árs 2019. Það gaf hins vegar ekki raunsanna mynd því meðal þeirra voru óvirkir fjölskylduvinir sem höfðu ekki greitt framlag í þrjá mánuði eða lengur. Þegar þetta var leiðrétt fyrir þessa ársskýrslu voru virkir Fjölskylduvinir í lok árs 2020 alls 1131 talsins. Þessi

misskráning árið 2019 þýðir að skráðum mánaðarlegum styrktaraðilum árið 2020 fækkaði milli ára um 87 manns eða 0,08%. Árið 2020 voru heildarframlög íslenskra fjölskylduvina rúmlega 17 milljónir króna og hækkuðu þau lítilega milli ára.

### Eþíópía

Í febrúar árið 2018 hófst fjölskyldueflingarverkefni sem SOS á Íslandi fjármagnar út árið 2021 á svokölluðu Tulu Moye svæði í Eþíópíu. Það er í nærri þriggja klukkustunda akstursfjarlægð suður af höfuðborginni Addis Ababa, í bæjarfélögunum Iteya og Teromoye. Þar er mikil fátækt og felst verkefnið í að styðja yfir 560 barnafjölskyldur í sárafatækt til sjálfbærni, m.a. með mataraðstoð, bættri heilbrigðisþjónustu, stuðningi við menntun, uppeldisþjálfun, betra aðgengi að vatni, fjármálaráðgjöf og aðgengi að lánum á lágum vöxtum svo dæmi séu tekin.

Yfir 1600 börn, ungmenni og foreldrar þeirra eru í þessum fjölskyldum og gengur verkefnið vonum framár. 88% skjólstæðinga okkar segja lífsgæði sín betri eftir að verkefnið hófst. Skólasókn barnanna hefur rokið upp, stofnaðir voru forskólar fyrir 4-6 ára börn, dregið hefur úr vannæringu barna og fjölskyldurnar eru mun meðvitaðri um mikilvægi menntunar, kynjafnrétti og meðferð fjármuna svo dæmi séu tekin en Kórónuveirufaldurinn setti stórt strik í reikninginn eins og greint er frá hér á eftir. Verkefnið var styrkt af Utanríkisráðuneytinu um 67,6 milljónir króna. Heildarkostnaður við verkefnið er um 89 milljónir króna miðað við Evrugengi í lok árs 2017.



Fjölskylduefling í Epíopíu

## Ofbeldi gegn börnum og fátækt eykst aftur

Áður en heimsfaraldurinn skall á sögðum við frá ánægjulegum árangri í verkefni okkar í Epíopíu. Hver barnafjölskyldan á fætur annari hafði risið upp úr sárafátækt og var farin að standa á eigin fótum og skólasókn barna var komin upp í 95%. En eftir að kórónuveirufaraldurinn skall á hefur því miður orðið mikil afturför hjá þessum fjölskyldum enda sóttvarnaraðgerðir yfirvalda verulega íþyngjandi og skólahald lá niðri stærstan hluta ársins. Við fengum verkefnastjóra okkar á staðnum til að ræða við þrjár húsmæður sem eru meðal skjólstæðinga okkar og spyrja þær hvernig faraldurinn hefur haft áhrif á fjölskyldur þeirra.

## Börn fórnarlömb nauðgana

Nagardu er 33 ára tveggja barna móðir. Hún aflaði tekna með ýmsum hætti, m.a. með því að rýja kindur og selja ullina. En eftir að faraldurinn skall á hefur flutningskostnaður tvöfaldast. „Þetta hefur minnkað hvatann hjá mér til að halda áfram enda er lítið upp úr þessu að hafa núna,” segir Nagardu sem í kjölfarið sneri sér að einni algengustu tekjuöflun Epíopíubúa, að baka injera pönnukökur og selja. „Það dugir þó skammt og ég á í vandræðum með að framfleyta fjölskyldunni.”

Skólar hafa verið lokaðir stóran hluta ársins og á meðan er algengt að börnin séu ein og eftirlitlaus heima meðan foreldrarnir strita við að afla tekna, fjarri heimilinu. Nagardu segist aðspurð vita af misnotkun á börnum í hverfinu hennar. „Þetta er ofbeldi af ýmsu tagi sem ég



Nagardu, 33 ára tveggja barna móðir hefur þurft að skipta um starfsvettvang.



Hanna er 29 ára einstæð móðir sem kemur að rekstri smásjoppu í bænum Eteya.



Nagashu er þrítug fjögurra barna móðir sem aflaði tekna með því að selja grænmeti á mörkuðum í nágrennbæjum þar til Covid-19 brast á.

bæði hef orðið vitni að og heyrt af. Þar á meðal nauðganir. Ég held að aukið ofbeldi hérna gegn börnum megi skrifa á skort á vitundarvakningu meðal almennings.”

### Hefur misst 75% tekna sinna

Hanna er 29 ára einstæð tveggja barna móðir. Hún er einn rekstraraðila smásjoppu og salernisaðstöðu á umferðarmiðstöð bæjarins Eteya og var einmitt í viðtali í síðasta tölublaði. Reksturinn var settur á laggirnar sem liður í Fjölskylduefningunni. Eftir að Covid-19 brast á hafa tekjur hennar dregist saman um 75%. „Fólk er ekki eins mikið á ferðinni, það er hrætt við að nota þjónustuna okkar af ótta við að smitast og rútustöðinni hefur verið skipt upp í tvö sóttvarnarsvæði. Áður þénaði ég 400 Birr á dag (1600 ÍSK) en núna eru þetta 100 Birr á dag. Ég á í vandræðum með að framfleyta börnunum mínum.”

Ofbeldi gegn konum og börnum hefur stórukist eftir að faraldurinn braust út og Hanna óttast að geta ekki varið dætur sínar fyrir ofbeldismönnum. „Síðan skólum var lokað eru dætur mínar heima og þeim kemur ekki vel saman þar. Þær rífast mikið. Ég hef miklar áhyggjur af eldri dóttur minni. Hún er á unglingsaldri og ég óttast sífellt

að henni verði rænt því ég er mikið að heiman vegna vinnunnar. Á meðan eru þær berskjaldaðar.”

### Börnum líður illa

Nagashu er þrítug fjögurra barna móðir sem aflaði tekna með því að selja grænmeti á mörkuðum í nágrennbæjum. „Eftir að faraldurinn skall á hefur ferðakostnaður hækkað svo að það borgar sig ekki lengur fyrir mig að fara í söluferðir með grænmetið. Þar af leiðandi hafa tekjur mínar dregist verulega saman,” segir Nagashu sem er augljóslega mikið niðri fyrir og á erfitt með að ræða þessi mál við okkur. Hún svaraði ekki spurningu okkar um hvort hún hefði vitneskju um aukið heimilisofbeldi og við virðum það Hún hefur sömu sögu að segja af sínum börnum og annarra vegna lokunar skólanna. „Börnunum er farið að líða verulega illa því það er ekkert fyrir þau að gera.”

Frásagnir kvennanna gefa okkur hugmynd um áhrifin sem faraldurinn hefur á fátækar barnafjölskyldur á svæðinu. Það er gott til þess að hugsa að SOS hefur á að skipa öflugum hópi starfsfólks á staðnum til að hjálpa þessum fjölskyldum eftir fremsta megni. Það sanna úttektir okkar á verkefningu.



## Fjölskylduefningu hætt á Filippseyjum



Vorið 2019 hófu SOS Barnaþorpin á Íslandi nýtt fjölskylduefningarverkefni á Filippseyjum til þriggja ára. Hlutur ráðuneytisins af kostnaðinum var 80% en framlög íslenskra fjölskylduvina brúðu bilið upp í heildarkostnað eða 20% hans. Verkefnið fór mjög vel af stað og nutu nærri 2.000 börn í sárafatækum fjölskyldum góðs af verkefninu. Á árinu 2020 sáum við ástæðu til að óska skýringa á ákveðnum stjórnunarháttum stjórnar SOS á Filippseyjum sem hún taldi sig ekki geta orðið við. Beiðnin byggði að okkar mati á eðlilegum kröfum um gegnsæi í samstarfsverkefni eins og hér um ræðir. Í kjölfarið rifti stjórn SOS á Filippseyjum samstarfssamningi við SOS á Íslandi og lauk fjármögnun okkar á því þar með 30. september.

Að því sögðu viljum við taka skýrt fram að þessi meinti skortur á gagnsæi snýst ekki um meðferð fjármagns heldur vissa stjórnunarhætti. SOS Barnaþorpin á Íslandi leggja ríka áherslu á gegnsæi í öllum vinnubrögðum svo viðbrögð stjórnar SOS á Filippseyjum eru okkur því mikil vonbrigði. Við ætlum ekki að orðlengja útskýringar á

þessu máli hér en hafir þú frekari spurningar munum við fúslega svara þér og hvetjum við þig þá til að setja þig í samband við okkur.

Sem fyrr segir hafa nærri tvö þúsund börn fengið hjálp í gegnum verkefnið og hafa aðstæður þeirra og fjölskyldna þeirra batnað til muna á þessu eina og hálfu ári sem verkefni okkar stóð yfir. SOS Barnaþorpin á Filippseyjum munu reyna eftir fremsta megni að halda verkefninu áfram, þó ætla megi að draga muni úr stuðningi við fjölskyldurnar. Það er þó von okkar að sá góði grunnur sem við höfum lagt með innleiðslu verkefnisins á Filippseyjum muni auðvelda öðrum hugsanlegum fjármögnunaraðilum með að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið.

SOS Barnaþorpin á Íslandi vinna nú að því að hefja samstarf við annað land og hefja þar nýtt Fjölskylduefningarverkefni sem íslenskir fjölskylduinir SOS munu þá fjármagna auk þess sem sótt hefur verið um styrk frá utanríkisráðuneytinu.



## Framlög barna

### Opnuðu snyrtistofu til styrktar SOS

**V**ið fáum reglulega afar ánægjulegar heimsóknir á skrifstofuna okkar í Kópavogi frá börnum sem vilja láta gott af sér leiða. Hingað komu tvær 6 ára dömur sl. sumar, Hildur og Antonía, með 5.500 krónur sem þær söfnuðu fyrir SOS Barnaþorpin. Þær settu á laggirnar snyrtistofu úti í garði heima hjá annarri þeirra í Hlíðahverfinu í Reykjavík og máluðu og naglalökkuðu konur í hverfinu sem greiddu 500 krónur fyrir snyrtinguna.

„Við bönnuðum upp á hjá fólki, sögðum að við hefðum verið að opna snyrtistofu og spurðum hvort þau vildu koma,“ sagði Antonía sem hefur þó ekki sett stefnuna á snyrtifræði í framtíðinni. „Ég ætla að verða atvinnumaður í fótbolta og hárgreiðslukona. Eða flugmaður eins og pabbi.“

Við þökkum hinum hugmyndaríku Hildi og Antoníu kærlega fyrir að hugsa svona hlýtt til barna í erfiðum aðstæðum úti í heimi.



### 6 ára safnaði 40 þúsund krónum með Instagram ákalli

**E**lena Mist, 6 ára í Háaleitisskóla í Reykjanesbæ, fylgdist með Öðruvísi jóladagatali SOS Barnaþorpanna í fyrsta sinn. Að venju gefst börnum kostur á að safna pening fyrir SOS Barnaþorpin með ýmsum hætti í tengslum við jóladagatalið og vildi Elena ganga í hús til að safna. Henni fannst það þó ekki ráðlegt í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu en dó ekki ráðalaus.

Elena Mist tók upp vídeóávarp þar sem hún hvatti fólk til að gefa í söfnunina og fékk móður sína, Svanhildi Mar, til að birta það á samfélagsmiðlum. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og safnaði Elena Mist 40 þúsund krónum.

SOS Barnaþorpin þakka Elenu Mist fyrir þetta hjartahlýja framtak. Eins og á við um öll framlög sem söfnuðust í Öðruvísi jóladagatali SOS, rennur framlag Elenu til verkefnis okkar í Tógó gegn ofbeldi og kynferðislegri misneytingu á börnum.

# Góðgerðarbolur Rúriks



**S**OS Barnabörpin á Íslandi fengu árið 2020 1,6 milljónir króna frá 66°Norður. Upphæðin er ágóði af sölu á SOS-bolnum sem hannaður var í samstarfi við Rúrik Gíslason, velgjörðarsendiherra SOS, og seldur var í verslunum 66°Norður í desember 2019.

Þessi styrkur fer svo sannarlega á góðan stað því honum verður ráðstafað í verkefni sem snúa öll að velferð barna í erfiðum aðstæðum. Það eru Fjölskylduefling SOS í Epiópíu og hins vegar verkefni gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó.

## Seldist upp

„Það var ánægjulegt að geta lagt eitthvað að mörkum og frábært að bolurinn seldist upp hratt. Það var virkilega

gefandi að taka þátt í þessu verkefni,“ sagði Rúrik sem hefur verið velgjörðarsendiherra hjá SOS á Íslandi síðan 2018.

„Markmiðið okkar var að framleiða vandaða vöru og gefa Íslendingum tækifæri til að styrkja gott málefni um leið. Við fengum einnig tækifæri til að kynna þeirra frábæra starfi í þágu ríflega milljón barna,“ sagði Fannar Páll Aðalsteinsson, markaðsstjóri 66°Norður.

„Samstarfið við Rúrik og 66°Norður var til fyrirmyndar í alla staði. Afraksturinn af sölu bolsins mun sannarlega koma að góðum notum. Hann er líka yfirlýsing þess sem gengur í bolnum um að viðkomandi láti sig varða velferð bágstaddra barna,“ sagði Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS Barnabörpanna á Íslandi.



## Þróunar-, mannúðar- og neyðarverkefni



**S**OS Barnaþorpin eru í grunninn ekki neyðarhjálparsamtök, en undanfarin ár hafa ítrekað orðið hamfarir af ýmsu tagi nálægt starfsstöðvum SOS, enda útbreiðsla samtakanna mjög mikil. Með áratuga reynslu og öflugra stuðningsaðila kemur því ekki annað til greina en að veita neyðaraðstoð í slíkum tilvikum. Leggja samtökin mesta áherslu á að hjálpa þeim börnum sem misst hafa eða orðið viðskila við foreldra sína í hamförunum.

SOS Barnaþorpin nýta þá þekkingu og reynslu sem þau hafa í hverju landi þegar veita þarf neyðar- eða mannúðaraðstoð. Samvinna við yfirvöld og önnur hjálparsamtök eins og Rauða krossinn, Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) hefur einnig reynst vel og leitt til skilvirkari aðgerða. Neyðar- og mannúðarverkefni eru meðal þátta sem við höfum haft tök á að styðja við vegna góðvildar almennings til SOS Barnaþorpanna. Þróunarverkefni sem við styrkjum eru öll í þágu barna og ungmenna og sem dæmi um þau má nefna atvinnueflingu ungs fólks í Sómalíu og Sómalílandi þar sem atvinnuleysi ungs fólks er um 70%.

### Verkefni 2020

**Flóttamannahjálpar í Kólumbíu vegna hamfaranna í Venesúela**

**Verkefni gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó**

**Atvinnuefling ungmenna í Sómalíu og Sómalílandi**

**Neyðaraðstoð við börn og barnafjölskyldur eftir hamfarasprengringu í Beirút**

**Styrkir til SOS í Líberíu og Perú vegna afleiðinga Covid-19**

**Styrkur til SOS í Eswatíní vegna skólaverkefnis**

Þeir styrktaraðilar SOS Barnaþorpanna á Íslandi sem greiða frjáls framlög og valkröfur í heimabanka taka þátt í fjármögnun þessara verkefna.



Próunarverkefni

## Hryðjuverkahópar ásælast atvinnulaus ungmenni

**A**tvinnuleysi ungs fólks í Sómalíu og Sómalílandi er um 70%. Síðan snemma árs 2019 hafa SOS Barnaþorpin á Íslandi, með stuðningi styrktaraðila sinna og Utanríkis- og þróunarmálaráðuneytis Íslands, fjármagnað atvinnuhjálpu unga fólksins, verkefni í Mogadishu í Sómalíu og Hargeisa í Sómalílandi. Verkefnið, The Next Economy, gengur út á að þjálfa ungt fólk svo það geti fengið vinnu eða stofnað eigin fyrirtæki.

Uppfylla þarf ákveðin skilyrði til þátttöku í verkefninu og þeir sem líklegastir eru til að ná árangri komast að. Þá tekur við þriggja mánaða þjálfun í ýmsum kostum og eiginleikum sem gott er að hafa bæði á vinnumarkaði og í frumkvöðlastarfsemi. Að lokinni þeirri þjálfun ákveða ungmennin hvort þau vilji fara út í eigin rekstur eða verða launþegar. Þá tekur við þriggja mánaða tvískipt þjálfun, eftir því hvor leiðin er valin. Markmiðið er að á þriggja ára verkefnatímanum hafi 700 ungmenni lokið þjálfun og helmingur þeirra fengið vinnu eða stofnað eigin rekstur.

### Stofna fyrirtæki eða fá vinnu

Í eftirlitsferð þar sem fulltrúi íslenska utanríkisráðuneytisins og undirritaður kynntu sér framkvæmd og árangur þess í Hargeisa kom í ljós að verkefnið gengur mjög vel og hefur þegar skilað góðum árangri. Í apríl höfðu 9 fyrirtæki þegar hafið rekstur og 38 ungmenni fengið vinnu. Við hittum ungmenni sem eru í þjálfun, önnur sem eru útskrifuð og hafa stofnað og reka fyrirtæki og enn önnur sem eru launþegar.



Ung kona sem stofnaði verslun.



Fyrrum þátttakandi, nú fyrirtækjaeigandi í Mogadishu.

Einnig hittum við vinnuveitendur sem eru hæstánægðir með það unga starfsfólk sem þeir hafa fengið eftir útskrift úr verkefninu. Töluðu þeir mikið um viðhorf ungmennanna til vinnunnar, en þjálfunin miðar meðal annars að því að auka þjónustulund, kurteisi, framtakssemi og fleiri þætti sem almennt þykja eftirsóknarverðir í fari starfsfólks en eru ekki endilega meðfæddir.

### Hryðjuverkahópar ásælast atvinnulaus ungmenni

Sómalía og Sómalíland teljast óörugg lönd þar sem hryðjuverkahópar hafa lengi unnið gegn friði og öryggi. Slíkir hópar reyna m.a. að höfða til atvinnulausra ungmenna og því er verkefnið okkar mikilvægt í þeirri viðleitni að örva efnahaginn og vinna að heilbrigðum uppgangi og friði í löndunum tveimur. Verkefninu lýkur í árslok 2021.





## Sólblómaleikskólar



Börnin í Leikskólanum Arnarsmára í Kópavogi komu í heimsókn á skrifstofu SOS.

**Y**fir 20 leikskólar víðsvegar um landið eru SOS Sólblómaleikskólar sem felst í því að leikskólinn styrkir eitt ákveðið barn í SOS barnaþorpi, eitt ákveðið barnaþorp eða styrkir samtökin á annan hátt, t.d. með söfnun. Þá fá Sólblómaleikskólar tilbúið efni frá SOS Barnaþorpunum, til að mynda veggspjöld þar sem mismunandi lönd eru kynnt og saga ákveðinna barna í barnaþorpum sögð, stuttmyndir, sólblómafræ til að sá og margt fleira. Fræðsluefnið stuðlar að því að börnin á Sólblómaleikskólum öðlist þekkingu á aðstæðum barna í öðrum löndum. Börnin fræðast um önnur lönd og aðra menningarheima og læra hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lífnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja í sínu umhverfi. SOS Barnaþorpin bjóða upp á kynningar í Sólblómaleikskólum (bæði fyrir börn og starfsfólk/foreldra) og geta einnig tekið þátt í hátíðum og söfnunum sem leikskólinn stendur fyrir.

Sólblómahátíð SOS Barnaþorpanna var með öðru sniði árið 2020 vegna takmarkana á fjöldasamkomum. Í stað þess að leikskólarnir hittust allir saman þá færðum við hátíðina yfir í leikskólana sjálfa. Leikskólarnir héldu því

sínar eigin Sólblómahátíðir. Hátíðarhöldin heppnuðust vel og börnin skemmtu sér konunglega í dásamlegu veðri eins og sjá má á meðfylgjandi mynd frá sólblómaleikskólanum í Álfaheiði í Kópavogi.

### Börnin í Arnarsmára afhentu framlag sitt

Leikskólinn Arnarsmári í Kópavogi er einn af Sólblómaleikskólum SOS Barnaþorpanna og gerðu börnin í Arnarsmára sér ferð til okkar um sumarið til að afhenda árlegt framlag sitt. Börnin í Arnarsmára láta sig varða hag barna í öðrum löndum og fræðast um aðstæður þeirra. Þau útbúa á hverju ári Sólblómabauk sem þau safna pening í fyrir börnin sem SOS Barnaþorpin hjálpa. Í þetta sinn, árið 2020, afhentu þau okkur hvorki meira né minna en 18.350 krónur sem safnast höfðu í eitt ár.



## Öðruvísi jóladagatal



**S**OS á Íslandi stóð fyrir Öðruvísi jóladagatali fimmta árið í röð en nú með breyttu sniði vegna heimsfaraldursins. Að þessu sinni var dagatalið opið öllum fjölskyldum á landinu en ekki aðeins þeim grunnskólabekkjum sem skráðu þátttöku sína. Óhætt er að segja að þetta hafi fallið vel í kramið hjá þjóðinni því hvert myndband fékk þúsundir áhorfa á Facebook síðu SOS og heimasíðunni sos.is

Jóladagatalið er öðruvísi að því leyttinu til að í stað þess að börnin opni glugga og fái gjöf eða súkkulaðimola að launum þá leggjum við áherslu á fræðslu og að gefa af okkur. Nýtt myndband birtist á hverjum degi á aðventunni og í hverjum glugga leyndist stutt myndband þar sem börn gægðust inn í heim barna frá ýmsum löndum. Þá hvetjum við börnin til að vinna létt verkefni heima við, t.d. vaska upp, moka snjó, þurrka af og fá smá aur að launum. Kannski þurfa nágannarnir einhverja aðstoð fyrir jólin og svo má líka safna dósnum eða halda tombólu. Það er að sjálfsögðu undir hverri fjölskyldu komið hvort hún vilji taka þátt í söfnuninni. Öll framlög sem söfnuðust fara í verkefni SOS Barnabörpönnu í Tógó sem berst gegn ofbeldi og kynferðislegri misneytingu á börnum, þá sérstaklega stúlkum, þar í landi. Verkefnið nær til 40.000 íbúa á svæðinu auk þess sem 640 barnafjölskyldur fá sérstakan stuðning og fræðslu.



Börnin í fyrsta bekk í Smáraskóla horfa á fyrsta gluggavídeó jóladagatalinsins 1. desember s.l.

**Stærri ljósmynd:** Börnin í fyrsta bekk í Smáraskóla með bros á vör eftir að hafa opnað fyrsta gluggann í jóladagatalinu 1. desember.



## Fjármál



**V**ið getum ekki annað en verið ánægð með þær viðtökur sem velunnarar samtakanna hafa sýnt okkur. Við höldum kostnaðinum hér heima í lágmarki og tryggjum þannig að sem mest af söfnunarfé fari sannarlega í verkefnið en ekki t.d. í falinn kostnað þeirra. Að meðtöldum fjármagnstekjum nam heildarframlag ársins samtals 674 milljónum króna og byggir sú fjárhæð að mestu leyti á framlögum frá almenningi eða 83%. Stærsti hluti af framlögum til SOS á Íslandi kemur frá styrktarforeldrum og barnaþorpsvinum og sendum við þau til barnaþorpa í 107 löndum. Opinber framlög lækkuðu um tæpar 11 milljónir króna milli ára og voru alls 60 milljónir króna. Sem fyrr studdu einstaklingar og fyrirtæki myndarlega við bakið á samtökunum. SOS Barnaþorpin fá hvorki rekstrarstyrk frá alþjóða-samtökum né íslenska ríkinu.

### Aukinn stuðningur þrátt fyrir heimsfaraldur

Styrktarframlög hækkuðu um 3,5% frá fyrra ári og stafar sú hækking af auknum frjálsum framlögum frá einstaklingum. Þrátt fyrir erfitt ár í miðjum heimsfaraldri fjölgaði þeim sem styrktu SOS Barnaþorpin verulega á milli ára eða um 22%. Kórónuveirufaraldurinn hefur haft áhrif á fjáröflun SOS á Íslandi eins og á aðrar greinar þjóðfélagsins. Í raun fórum við að finna fyrir því eftir fall WOW air árið 2019 að almenningur fór að halda að sér höndum. Margir mánaðarlegir styrktaraðilar hafa sagt upp stuðningi sínum á Covid-tímanum eða dregið úr styrkuppþæði. Það er þó gleðiefni að á móti hafa margir nýir bæst við í hópinn og þegar upp var staðið fjölgaði SOS-foreldrum og Barnaþorpsvinum samanlagt um 190 milli ára eða 2,21%. Þetta sýnir okkur að Íslendingar láta sig svo sannarlega varða börn í neyð.

Þriðji flokkurinn yfir mánaðarlega styrktaraðila SOS er Fjölskylduinir en með framlögum þeirra fjármögnum við forvarnarverkefnið Fjölskylduefningu. Virkir Fjölskylduinir í lok árs 2020 voru alls 1.131 talsins og fækkaði þeim um 283 á milli ára. Það er hins vegar ekki raunlækkun því í ársskýrslu fyrir árið 2019 voru einnig taldir með fjölskylduinir sem höfðu ekki greitt framlög sín í langan tíma.

### Mánaðarlegir styrkir á Íslandi 2020

Styrktarbörn Íslendinga ....8.704 (210)

Barnaþorpsvinir ..... 599 (-14)

Fjölskylduinir..... 1.131 (-283)

**Mánaðarlegir alls ..... 10.434 (-87)**



Mikil fjölgun varð í stökum framlögum eins og greiðslu valkrafna í heimabanka og frjálsum framlögum. Alls styrktu 30.915 Íslendingar SOS Barnaþorpin á árinu og er það fjölgun um 5.670 milli ára eða 22,5%.



813 krónur af hverju 1.000 króna framlagi rann í hjálparstarf á árinu 2020.

## Rekstur og útgjöld


Í starfi hjálparamtaka eins og SOS Barnaþorpanna er rekstarkostnaður óhjákvæmilegur en við leggjum ríka áherslu á að halda honum í lágmarki svo að sem stærstur hluti hvers framlags skili sér í sjálft hjálparstarfið. Rekstrarkostnaður var 18,7% af tekjum og framlögum ársins sem er vel innan við þau mörk sem við höfum sett okkur. Viðmið SOS eru að aldrei skili sér minna en

80% af hverju framlagi til styrkþega en sá hlutur er þó yfirleitt mun hærri. Á árinu 2020 var sá hlutur 81,3% sem þýðir að af hverjum 1.000 krónum árið 2020 runnu 813 kr. í hjálparstarf, þ.e. til framfærslu og velferð barna sem við Íslendingar hjálpum, auk umsýslu og eftirlits með starfsemi barnaþorpa. Þetta er nokkur hækkun frá fyrra ári. Margir styrkaraðilar þurftu að kveðja okkur í bili vegna breyttra aðstæðna. Það var því mikilvægt að samtökin minntu á sig með auknum sýnileika og stökum átaksverkefnum sem skýrir aukinn kynningar- og markaðskostnað. Það er von okkar að þessar aðgerðir skili sér í lægri rekstrarkostnaði á árinu 2021. Í árslok 2020 átti eftir að ráðstafa 3% af heildarframlögum í verkefni eða annað hjálparstarf.

Hér er rétt að tiltaka það að kostnaður er ekki færður til á milli verkefna. Allur launakostnaður er því t.d. færður undir laun en ekki verkefni eða fjáröflun þótt hluti af launakostnaði gæti verið vegna verkefnis sem við störfum að erlendis.

Öll verkefni innanlands, s.s. Sólblómaleikskólar og Öðruvísi Jóladaatal, falla undir kynningarkostnað og færast því undir rekstrarkostnað skrifstofu. Verkefniskostnaður í bókhaldi SOS Barnaþorpanna er aðeins um þau framlög sem fara í verkefni erlendis.

## Mánaðarlegir styrkaraðilar





## Lykiltölur frá starfsemi SOS barnaþorpanna



**8.704**  
**börn**  
með íslenska  
styrktarforeldra


Styrktaraðilar / Par af mánaðarlegir

**30.915 / 10.434**


**TEKJUR**  
**673,7**  
milljónir króna

SOS foreldrar og barnaþorpsvinir ...	407.083.470
Gjafir til barna og barnaþorpa .....	8.945.394
Fjölskylduvinir, mánaðarleg framlög ..	17.224.625
Frjáls framlög og fjáraflanir .....	130.306.320
Fyrirtækja- og stofnanaframlög .....	16.180.002
Erfðagjafir .....	0
Opinber framlög .....	58.968.902
Húsaleigutekjur .....	2.232.740
Vaxta, fjárm.tekjur og gengishagn. ...	32.797.659

### Skipting framlaga til SOS Barnaþorpanna árið 2020



### Skipting kostnaðar SOS Barnaþorpanna árið 2020



■ Framlög til styrkarbarna ■ Önnur framlög send erlendis ■ Rekstur innanlands

**GJÖLD**  
**650,8**  
milljónir króna

Framlög til barnaþorpa .....	346.020.949
Gjafir til styrktarbarna og þorpa .....	8.945.394
Framlag til SOS International .....	46.112.927
Stuðningur vegna verkefna .....	64.667.854
Opinber ráðstöfun til verkefna .....	58.968.902
Tilkostnaður vegna fjáraflana .....	39.734.892
Rekstur fasteignar .....	2.863.259
Laun og launatengd gjöld .....	57.175.719
Þjónustugj. banka og greiðslukorta ....	1.102.028
Kynningar- og markaðsmál .....	7.154.317
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ...	13.723.626
Afskriftir .....	4.363.038

Ítarlegra yfirlit um fjármál SOS Barnaþorpanna á Íslandi má sjá í ársreikningnum sem einnig er aðgengilegur á heimasíðunni sos.is.



## SOS fólkið á Íslandi 2020

**S**tarfsemi SOS Barnabörpna á Íslandi miðar að því að afla styrktaraðila fyrir hjálparstarf samtakanna í yfir 100 löndum í Mið- og S-Ameríku, Afríku, Asíu og A-Evrópu. Einnig er þjónusta við styrktaraðila stór og mikilvægur þáttur í starfseminni hér á landi. Á skrifstofu SOS á Íslandi starfa 6 manns í rúmlega 5 stöðugildum. Auk þeirra koma tveir aðrir starfsmenn að starfseminni í hlutastarfi, bókari og kerfisfræðingur. Stjórnar- og fulltrúaráðsmeðlimir starfa að sjálfsögðu í sjálfböðavinnu. Rétt eins og velgjörðasendiherrar og ungmennaráð.

### Starfsfólk (5,1 stöðugildi):

Ragnar Schram ..... framkvæmdastjóri  
Rakel Lind Hauksdóttir . fjármála- og fjáröflunarstjóri  
Hans Steinar Bjarnason .....upplýsingafulltrúi  
Katrín Guðlaugsdóttir.....þjónustufulltrúi  
Auður Ösp Gylfadóttir ... þjónustufulltrúi í hálfu starfi  
Hjördís Rós Jónsdóttir .... fræðslufulltrúi í hálfu starfi  
Porsteinn Garðarsson ..... verk taki, kerfisfræðingur  
frá Textor ehf  
Sigurlaug Halldórsdóttir .....bókari

### Stjórnarmeðlimir:

Kristján P. Davíðsson..... formaður  
María F. Rúriksdóttir  
Ólafur Örn Ingólfsson

### Varamenn:

Hildur Hörn Daðadóttir  
Ingibjörg Elísabet Garðarsdóttir

### Fulltrúaráð:

Auður Anna Pedersen  
Ásgeir Páll Ágústsson  
Björgvin Franz Gíslason  
Claudia Ashanie Wilson  
Eva Harðardóttir  
Inga Lind Karlsdóttir  
Ingibjartur Jónsson  
Jakob Frímann Þorsteinsson  
Margrét Rún Guðmundsdóttir  
Nichole Leigh Mosty  
Páll Stefánsson  
Senía Guðmundsdóttir..... fulltrúi ungmennaráðs

Sigurður Pétursson  
Tomasz Pór Veruson  
Valdís Póra Gunnarsdóttir  
Valur Hermannsson  
Vanda Sigurgeirsdóttir  
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

### Velgjörðasendiherrar SOS Barnabörpna á Íslandi

Eliza Reid  
Hera Björk Þórhallsdóttir  
Rúrik Gíslason  
Vilborg Anna Gissurardóttir

### Ungmennaráð SOS

Ungmennaráð SOS Barnabörpna var sett á laggirnar haustið 2016. Ungmennaráðið er sjálfstæð eining sem starfar í nánú sambandi við starfsmenn SOS á Íslandi og hittast meðlimir að jafnaði tvisvar í mánuði. Um er að ræða vettvang fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára, sem hefur áhuga á hjálparstarfi, þróunarsamvinnu og réttindum barna og vill nýta krafta sína í að koma þekkingu á þessum málefnum á framfæri.

### Ungmennaráð SOS 2020

Birta Ýr Jónasdóttir  
Embla Waage  
Júlía Guðmundsdóttir  
Kornelía Þöll M. Bjarnadóttir.....varaformaður  
Lilja Helgadóttir .....ritari  
Saga Rut Sunnevudóttir  
Sara María Gunnarsdóttir  
Senía Guðmundsdóttir  
Sunna Líf Kristjánsdóttir ..... formaður



# TAKK

**30.915 ÍSLENDINGAR  
og 1.113 fyrirtæki  
fyrir stuðninginn árið 2020**

Þetta eru 9,15% fjárráða einstaklinga á Íslandi.  
Þetta köllum við að standa saman  
í að gera heiminn betri.



**SOS  
BARNAPÖRPIN**

Öll börn vilja gott heimili